Hollvinasamtök Reykjalundar

REYKJALUNDUR
rehabilitation

Endurhæfum Reykjalund

Ákall um stuðning við uppbyggingu Reykjalundar

Samtökin Hollvinir Reykjalundar og RÚV munu föstudaginn 2. október 2026 standa fyrir mikilvægri landssöfnun fyrir brýnni uppbyggingu húsakosts Reykjalundar. Meðal annars verður safnað fyrir endurbyggingu á sjúkraþjálfunarálmu. Húsakostur Reykjalundar er úr sér genginn og viðhaldsþörf er mikil. Fjölmörgum rýmum hefur verið lokað vegna bágs ástands húsnæðis, m.a. myglu og það hamlar starfseminni. Þörf er á skjótum úrbótum.

Með þessu bréfi leitum við til sveitarfélaga á landinu að taka virkan þátt í uppbyggingunni og leggja verkefninu lið með góðu fjárframlagi. Við munum fylgja þessu erindi eftir á næstu vikum og hafa samband við forsvarsmenn fyrirtækja sem fá þetta ákall.

Reykjalundur

- Reykjalundur í Mosfellsbæ er stærsta og ein mikilvægasta endurhæfingarmiðstöð landsins.
- Á ári hverju njóta á annað þúsund manns endurhæfingar á Reykjalundi og öðlast þar með bætt lífsgæði, færni og betri vinnu- og sjálfsbjargargetu eftir áföll eða veikindi.
- Reykjalundur hefur starfað frá miðri síðustu öld og stutt fólk út í lífið á ný.
- Mikil samfélagsleg verðmæti felast í starfseminni á Reykjalundi og endurhæfing er þjóðhagslega hagkvæm.
- Reykjalundur er mikilvægur hlekkur í heilbrigðisþjónustu landsins þó starfsemin sé ekki á fjárlögum ríkisins.
- Reykjalundur er rekinn á óhagnaðardrifnum grunni og greiðir ekki arð.
- Reykjalundur starfar skv. lögum um veitingu heilbrigðisþjónustu og þjónustusamningi við Sjúkratryggingar Íslands, sem greiðir fyrir endurhæfingu en ekki húsnæðiskostnað.
- Reykjalundur er í eigu SÍBS og er rekinn fyrir sjálfsaflafé, m.a. tekjum af happdrætti SÍBS, sem fara minnkandi ár frá ári.

Herferð okkar Hollvina Reykjalundar er að hefjast og lýkur svo með þjóðarátaki í landssöfnuninni á RÚV þann 2. október 2026. Við vonumst til að ná til þjóðarinnar, stofnana og fyrirtækja,líknarfélaga og sveitarfélaga landsins. Með samstilltu átaki styðjum við Reykjalund í að styðja þá sem þurfa á endurhæfingu að halda.

Hollvinir Reykjalundar eru afar jákvæðir, bjartsýnir og fullvissir um að njóta velvildar og fjárframlaga frá stofnunum, einstaklingum og fyrirtækjum. Með samstilltu átaki verður unnt að styðja vel við starfsemina svo Reykjalundur geti áfram sinnt mikilvægu hlutverki sínu. Hollvinir munu hafa samband með tölvupósti í haust og minna á þetta mikilvæga málefni

Framlög sveitarfélag,stór og smá máinna af hendi í gengum meðfylgjandi greiðslugátt; Styrkja Hollvinasamtök Reykjalundar

Með fyrirfram þökk fyrir stuðninginn !

Júlíus Þór Jónsson,
Formaður Hollvina Reykjalundar
hollvinasamtok@reykjalundur.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.10 2026

Hollvinasamtök Reykjalundar

REYKJALUNDUR
rehabilitation

Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.10 2026